

Skútustaðahreppur  
Bjarni Reykjalin,  
skipulagsfulltrúi  
Hlíðavegi 6  
660 Mývatn



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 11. janúar 2013  
Tilvísun: UST20121100005/6aj


### Grenndarkynning vegna viðbyggingar við Vogafjós

Vísað er til erindis Skútustaðahrepps dags. 29. október 2012 þar sem óskað er eftir umsögn um umsókn Ólöfu Þ. Hallgrímsdóttur f.h. Vogafjóss ehf. þar sem hún sækir um heimild til viðbyggingar við núverandi Vogafjós, 8 m til vesturs.

Umhverfisstofnun bendir á að umrætt framkvæmdasvæði er innan verndarsvæðis Mývatns og Laxár skv. lögum nr. 97/2004. Samkvæmt 3. gr. laganna er óheimilt að valda spjöllum eða raski á lífríki, jarðmyndunum og landslagi á landsvæði innan verndarsvæðisins og að leita skuli leyfis Umhverfisstofnunar fyrir hvers konar framkvæmdum sem haft geta áhrif á lífríki, jarðmyndunir og landslag á svæðinu. Því er bent á að sækja þarf um leyfi stofnunarinnar fyrir framangreindri framkvæmd.

Umhverfisstofnun leitaði álit Náttúrurannsóknastöðvarinnar við Mývatn þann 2. janúar sl. og gerir rannsóknastöðin ekki athugasemdir við bygginguna. Að mati Umhverfisstofnunar er um að ræða óverulega stækkun á þeim mannvirkjum sem fyrir eru. Umhverfisstofnun gerir því ekki athugasemdir við breytingu hússins.

Virðingarfyllt

  
Ólafur A. Jónsson  
Deildarstjóri

  
Björn Stefánsson

Skipulagsstofnun